

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 30. janúar 2020
UST202001-483/F.P.
09.03

Efni: Beiðni um nýja tilnefningu í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingar

Umhverfisstofnun vísar til samtala Vesturbyggðar, Ísafjarðarbæjar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins undanfarna mánuði varðandi friðlýsingarhugmyndir á Vestfjörðum innan marka Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar.

Hafin er vinna við verkefnið og fyrsti fundur samstarfshóps var haldin þann 8. janúar síðastliðinn. Í ljósi þess að mannabreytingar hafa orðið hjá Ísafjarðarbæ og að fulltrúi sveitarfélagsins í hópnum starfar ekki þar lengur óskar Umhverfisstofnun eftir því að tilnefndur verði nýr fulltrúi í samstarfshópinn.

Hlutverk fulltrúa í samstarfshóp er fyrst og fremst að vinna að undirbúningi verkefnisins með samstarfshóp og miðla upplýsingum milli hópsins og sveitarfélagsins.

Óskað er eftir því að tilnefningin berist eins fljótt og kostur er.

Nánari upplýsingar veitir Freyja Pétursdóttir (frejja@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst

Freyja Pétursdóttir
Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
sérfræðingur